

Selfyssingar komnir upp í úrvalsdeild



Kvennalið Selfoss ásamt nokkrum dyggum stuðningsmönnum. Ljósmynd: Aðsend.

Kvennalið Selfoss í handknattleik tryggði sér deildarmeistaratitilinn og sæti í úrvalsdeild kvenna á næsta keppnistímabili eftir stórsigur á unglingsliði Vals, 40:26 síðasta sunnudag.

Perla Ruth Albertsdóttir gerði sér lítið fyrir og skoraði 14 mörk í leiknum, Katla María Magnúsdóttir skoraði tíu og Anna Kristín Einarsdóttir níu. Cornelia Hermannsson varði þar að auki 7 skot og Áslaug Ýr Bragadóttir 4.

Selfoss hefur sýnt mikla yfirburði í næstefstu deild, en þær hafa unnið alla sína 15 leiki á keppnistímabilinu.

Auk þess á Selfoss þrjá af þeim 19 leikmönnum sem þjálfarateymi A landsliðs kvenna valdi til að taka þátt í leikjum Íslands gegn Svíþjóð í undan-

keppni EM 2024, þær Kötlu Maríu, Perlu Ruth og Tinnu Sigurrós Traustadóttur.

„Árangur liðsins hingað til hefur verið frábær. Hópurinn tók ákvörðun um að standa saman síðasta sumari og setti sér háleitt markmið. Það er svo eitt að tala um hlutina og annað að framkvæma þá eins og þær hafa svo sannanlega gert,“ segir Eyþór Lárússon, þjálfari liðsins í samtali við Dagskrána.

Mætum á pallana og styðjum stelpurnar okkar

Eyþór bætir við að tímabilið sé þó ekki búíð þó deildarbikarinn sé í höfn. „Framundan eru þrír leikir í deild og svo bikarúrslitaleikinn í byrjun mars. Þar ætlum við okkur stóra hluti og hvetjum við alla Selfyssinga að mæta á pallana og styðja liðið.“ HGL

Hamar bikarmeistari fjórða árið í röð

Karlalið Hamars í blaki tryggði sér bikarmeistaratitilinn, fjórða árið í röð, eftir öruggan 3-0 sigur á Þrótti/Fjarðarbyggð í úrslitaleik sl. laugardag.

Hamar vann fyrstu hrinu 25:19, aðra hrinu 25:17 og þá þriðju 25:16, en sigurstigið fékkst vegna rangrar uppröðunar í liði Þróttara.

Hvergerðingar hafa sýnt frábæra spilamennsku í bikarkeppninni á síðustu árum og eru þar að auki á toppi úrvalsdeildarinnar í ár. Gaman verður að fylgjast með baráttu liðsins um Íslandsmeistaratitilinn. HGL



Ljósmynd: SportPhotos/Mummi Lú.



Systurnar sigruðu í Flyglinum



Öskudagurinn á Selfossi

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

TOYOTA bZ4X
100% RAFMAGNSBÍLL



Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000

Við vinnum fyrir stjórnendur



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURLANDS
www.stjornandi.is



SUB EHF
HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com

8467713

Gjafa Karfa

6.530kr



Opið milli 12 – 16 á
konudaginn 25. febrúar.
Úrval af gjafavörum
handa konunum í þínu
lífi. Veldu vörur og við
búum til gjafakörfu fyrir
þig. Austurvegur 44,
Selfoss Sími: 7754132



Fréttamolar frá Sambandi sunnlenskra kvenna

Starf Sambands sunnlenskra kvenna stendur með miklum blóma nú sem áður. Á Ársfundi SSK sem haldinn var í apríl 2023, urðu formannskipti, og við keflinu tók undirrituð, Sólveig Þórðardóttir en ég er í kvenfélagi Villingaholtshrepps. Á Ársfundinum var valin kvenfélagskona ársins 2022 og varð Guðrún Þóranna Jónsdóttir frá Kvenfélagi Selfoss fyrir valinu. Hún hefur verið öflug kvenfélagskona og gegnt trúnaðarstörfum hjá KvF. Selfoss, SSK og KÍ og verið í ritnefnd Húsfreyjunnar.

Stjórn og varastjórn SSK funda mánaðarlega frá september fram í maí og halda auka fundi þegar þess er þörf. SSK á hluta í Selinu á Selfossi og er þar með skrifstofu, þar eru haldnir fámennir fundir, en einnig nýtum við stærri salinn fyrir formannafundi sem haldnir eru einu sinni á ári. Starfssvæði SSK er Árnes- og Rangárvallasýslur, en í þessum tveimur sýslum eru 25 kvenfélög með um 900 öflugar konur. SSK hefur í fjölmörg ár gefið öllum nýburum húfur eða aðra handgerða muni, og sjá ljósmaður á HSU um að koma þeim

til foreldra, þessir munir eru prjónaðir af flinkum kvenfélagskonum innan okkar sambands. Við höfum í fjölmörg ár selt kort til styrktar Sjúkrahússjóði HSU og í fyrra voru gefin út 4 ný tækifæriskort sem hafa runnið út. Kortin eru seld 4 í pakka á 2.500 krónur og er hægt að kaupa þau í afgreiðslu HSU á Selfossi sem og hjá stjórn SSK og kvenfélagskonum. Í fyrra gáfum við HSU gjafir fyrir 2,2 milljónir sem er afrakstur kortasöluunnar.

SSK varð 95 ára 30. september s.l. og héldum við upp á daginn með samkomu, byrjuðum í Sagnagarði og fórum svo í Hvolinn á Hvolsvelli, þar sem var dagskrá inni, Friðrik Erlingsson fræddi okkur um listakonuna Nínu Sæmundsson og listaverkið Afrekshug þá voru söngatriði og kaffiveitingar og var þetta hinn besti dagur. Í undirbúningi er að útbúa ný gjafakort og verða þau kynnt á Ársfundi SSK sem haldinn verður 20. apríl næst komandi. Þá kemur einnig út nýtt Ársrit SSK, en við gefum út Ársrit á hverju ári, en í því eru fréttir frá öllum kvenfélögum, skýrsla stjórnar og reikningar



Mynd tekin í 95 ára afmæli SSK 30. September 2023. Á þessari mynd eru frá vinstri: Sólveig Þórðardóttir formaður SSK, og fyrrverandi formenn SSK; Drífa Hjartardóttir, Elinborg Sigurðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Þórunn Drífa Oddsdóttir og Rosemarie B Þorleifsdóttir.

sambandsins og ýmiss konar annar fróðleikur. Það er mikill heiður að fá að vera formaður í svona öflugu sambandi kvenna, þar sem allar konur vinna svo vel saman, kærar þakki allar fyrir ykkar góða starf og áfram sunnlenskar kvenfélagskonur, þið eruð flottastar.

Sólveig Þórðardóttir
formaður SSK



Elinborg Sigurðardóttir fyrrv. formaður SSK og Guðrún Þóranna Jónsdóttir, kvf. Selfoss, kvenfélagskona ársins 2022.



Ný stjórn SSK í júní 2023. Margrét Guðjónsdóttir vara-stjórn, Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir ritari, Helga Baldursdóttir gjaldkeri, Sólveig Þórðardóttir formaður, Jörunn Helena Jónsdóttir varastjórn og Arndís Fannberg, varastjórn

Gjöf frá forvarnarteymi til starfsfólks í tilefni hinsegin viku Árborgar

Hinsegin vika Árborgar Hverður haldin hátíðleg í þriðja sinn, vikuna 26. febrúar til 1. mars. Í tilefni þess færði forvarnarteymi Árborgar starfsfólki sveitarfélagsins regnbogabönd að gjöf. Starfsfólk er hvatt til að bera regnbogabandið alla daga ársins til að minna á mikilvægi þess að fagna fjölbreytileikanum og stuðla að öryggi og sýnileika, ásamt bættri stöðu fyrir öll í samfélaginu.

Markmið hinsegin vikunnar er að auka fræðslu, skapa umræður og vera sýnileg. Forvarnarteymi Árborgar hvetur stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins til þess að vera með og gera þessa hátíð að litríki og skemmtilega viku og sömuleiðis eru íbúar hvattir til að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og finna leiðir til þess að gera vikuna sem hátíðlegasta.

Síðustu ár hefur vikan gengið vonum framar og fjöldi fyrirtækja tekið þátt. Það mátti sjá regnbogakökur, regnbogablómendi, hinsegin fánunum var flaggað, regnbogaskrauti var komið fyrir inn í fyrirtækjum og út í gluggum

og svo lengi mætti telja. Mikil eftirvænting ríkir fyrir Hinsegin vikunni sem er fram undan og margt spennandi á dagskrá.

„Það verður nóg um að vera í hinsegin vikunni og bindum við miklar vonir við að samfélagið taki þátt og sýni lit með okkur. Meðal þess sem er á dagskrá er fræðsla frá Sólveigu Rós, hún er foreldra- og uppeldisfræðingur með sérhæfingu í hinsegin málum og fjölbreytileika. Fræðslan mun fara fram á Teams þann 26. febrúar kl. 20:00 og er opin öllum, hægt er að sjá nánari upplýsingar um viðburðinn á heimasíðu Árborgar. Margrét Tryggva-

dóttir, margverðlaunaður rithöfundur, verður á Bókasafninu 29. febrúar frá 17-18. Margrét gaf m.a. út bækurnar Stolt og Sterk, sem fjalla um trans stúlkur af einlægni og virðingu, en Sterk hlaut einmitt Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur árið 2021. Stofnanirnar okkar í sveitarfélaginu verða síðan með fjölbreytta og skemmtilega dagskrá í tilefni vikunnar, leikskólarnir, grunnskólarnir, frístundaheimilin, frístundaklúbbarnir og félagsmiðstöðin. Regnbogaföndur, dragkvöld ofl,“ segir Ellý Tómasdóttir, forvarnarfulltrúi Árborgar í samtali við Dagskrána.




Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



ÓDÝRSTA ELDSNEYTIÐ OKKAR Á SELFOSSI





Góð mæting er í æskulýðsstarfið í Selfosskirkju.

Fréttir frá Selfosskirkju

Góð kirkjusókn var um há-tíðarnar í Selfosskirkju. Það er gott til þess að vita að kirkjusókn er almennt að vaxa á ný. Til samanburðar á milli ára hefur hún aukist verulega og er það vel. Þá er ánægjulegt að sjá hvað fermingarbörnin og aðstandendur þeirra eru dugleg að mæta í kirkju. Það má líka gleðjast yfir því hvað hátt hlutfall barna vill ganga í fermingarfræðslu, meðtaka kristna trú og góða siði og vilja fermast.

Mjög öflugt æskulýðsstarf er í Selfosskirkju undir stjórn Sjafnar Þórarinsdóttur æskulýðsfulltrúa. Börn frá 6 ára aldri til 15 ára hafa notið þess að stunda gefandi og skemmtilegt starf sem þar er í boði. Þá er það þekkt, að öflugt og litríkt tónlistarlíf hefur ávallt verið í Selfosskirkju. Starfandi eru þrír kórar, barna-, unglinga- og kirkjukór. Kirkjan hefur boðið uppá söngnámskeið fyrir yngstu börnin, byrjendur, sem hafa verið vel sótt og eru ókeypis. Fyrirhuguð eru söngnámskeið sem auglýst verða sérstaklega. Þá hefur kirkjukórinn staðið fyrir opnum söngstundum fyrir almenning í kirkjunni, sem hafa mælst vel fyrir. Mjög önnur áhugaverð og fjölbreytt verkefni eru á verkefnalista kóranna. Aðal stjórnandi er Edit A. Molnár og henni til aðstoðar er Kolbrún Hulda Tryggvadóttir.

Þá hefur kirkjan staðið fyrir samverustundum annan hvern þriðjudag þar sem einn gestur kemur í heimsókn og segir sína sögu. Mjög áhugaverð og



Allir prestarnir, sr. Gunnar, sr. Guðbjörg og sr. Ása eru fyrirverandi nemendur dr. Gunnlaugs A. Jónssonar sem var gestur á þriðjudagssamverustund.



Barna- og unglingakór Selfosskirkju, Edit A. Molnár stjórnar.

skemmtileg samvera. Fram undan er aðalsafnaðarfundur sem auglýstur verður sérstaklega.

Sóknarnefndin er með mörg verkefni í gangi til að bæta og styrkja kirkjuna sjálfa. Við erum að taka saman hvað þurfi að gera næstu þrjú árin, bæði gagnvart útliti utan dyra og lag-

færingar ýmiskonar. En eins og vitað er verða sjöti ár frá vígslu Selfosskirkju árið 2026.

Kæru sóknarbörn og allir aðrir, komum í Selfosskirkju og njótum samverunnar.

Björn Ingi Gíslason, formaður sóknarnefndar

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaeið: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

SVANSMERKI
Prentgripur
1041 0858

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Handtak eitt með hnífnum er, heiti þetta fjármark ber. Gikkur sem þig fella fer, Fæ ég aðeins tár hjá þér?

Svar við gátu í blaði 2739: **HOLA**

Sunnlenski matgæðingurinn

Lilja Dögg Erlingsdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Jæja þá er víst komið að mér, takk kærlega fyrir áskorunina Unnur mín.

Þar sem mér finnst allt sem mamma eldar yfirleitt mun betra en það sem ég geri í eldhúsinu þá ákvað ég að deila með ykkur mínum uppáhalds mat úr æsku. Ostabuffin eru sá réttur sem ég bið mömmu oftast að elda þegar ég kem í mat til mömmu og pabba. Einfaldur hversdagsréttur eins og þeir gerast bestir, borinn fram með strangheiðarlegri kartöflumús og bökuðum baunum.

Ostabuffin hennar mömmu
500 gr. nautahakk
2 dl rifinn mozarella ostur
1-2 dl brauðraspur
1 egg
1 laukur
Olía til steikingar

Fyrst er hakk, ostur, raspur og egg sett saman í skál og öllu blandað vel saman. Því næst eru buffin mótuð. Olía hituð á pönnu og buffin steikt ásamt

Sósa
2 dl vatn
4 tsk. Tomato paste
2 dl rjómi

Þegar buffin eru orðin vel brúnuð á báðum hliðum er vatni, tomato paste og rjóma bætt út á pönnuna. Þegar búið er að blanda öllu saman er lok sett á pönnuna og látið malla í u.þ.b. 10 mínútur.

Borið fram með kartöflumús og bökuðum baunum.

Ég ætla að skora á vin minn og mikinn meistara í eldhúsinu, Jón Lárus Stefánsson að vera næsta matgæðing vikunnar.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Nóg um að vera í Bókasafni Árborgar á Selfossi

Þessa vikuna er nóg um að vera hjá Bókasafninu. Síðastliðinn mánudag hófst námskeið um Meistarann og Margaretu í umsjón Sigríðar Pálsdóttur. Námskeiðið var fyrst haldið í fyrirvetur og spurðist mjög vel út. Núna verða þetta 6 skipti, alltaf á mánudögum kl. 18:00-20:00 og það er enn hægt að bæta við þáttakendum.

Fimmtudagskryddið að þessu sinni verður Steinunn Sigurðardóttir bæjarskálidið okkar. Hún fékk um daginn Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir nýju skáldsögunu sína Ból. Steinunn ætlar að koma til okkar kl. 17:00 fimmtudaginn 22. febrúar.

Nú er falllegu ljósmyndasýngunni hennar Dagnýjar lokið hér en ennþá er hægt að sjá verkin hennar á norðurveggnum í Sundhöllinni. Í Listagjanni taka við nemendur á listabraut FSU þeirra sýning verður opnuð 23.02. 2024 og stendur til 15. mars.

Næsta laugardag verður Hinrik Óskarsson með byrjendanámsskeið í fluguþýtingum frá kl. 13:00 - 15:00. Nú fer að vora og vonandi er gjöfult silungsveiði-



lauknum þar til buffin eru orðin vel brúnuð á báðum hliðum.

Þegar buffin eru orðin vel brúnuð á báðum hliðum er vatni, tomato paste og rjóma bætt út á pönnuna. Þegar búið er að blanda öllu saman er lok sett á pönnuna og látið malla í u.þ.b. 10 mínútur.

Borið fram með kartöflumús og bökuðum baunum.



Steinunn Sigurðardóttir bæjarskál. Ljósmynd: Aðsind.

sumar framundan og ekki seinna vænna að fara að undirbúa það. Það er orðið uppþókað á þennan viðburð en hægt að setja sig á biðlista í afgreiðslu bókasafnsins með því að senda póst með nafni og símanúmeri, merkt fluguþýtingar á afgreidsla@arborg.is.

Á Bókasafninu er eins og alltaf hægt að fá bækur og skoða bækur, lesa blöðin, spila, þrjóna eða spjalla og njóta sín með vinum eða í eigin heimi. Eins og alltaf er frítt inn á alla okkar viðburði og verið öll hjartanlega velkomin til okkar allan daginn alla daga.

SKODA

Škoda Kodiaq

Fjór hjóladrifni ferðafélaginn



2.0 Dísel / Sjálfskiptur / 2,5 tónna dráttargeta

Verð frá 8.490.000 kr.

Škoda Kodiaq hefur slegið í gegn fyrir aksturseginnleika, tækni og snjalla hönnun. Komdu og reynsluaktu!

Fimm ára ábyrgð eða 100.000 km hjá Heklu - hvort sem kemur á undan.





BÍLASALA
SELFLOSS

Hrísmýri 3 • Sími 480 4000 • www.bilasalaselfoss.is



Škrifstofustjóri
Hrunamannahrepps

Hrunamannahreppur leitar að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi, með ríkan áhuga á fjármálum, í starf skrifstofustjóra. Skrifstofustjóri er yfir rekstri ráðhússins og stýrir fjármálum sveitarfélagsins í samvinnu við sveitarstjóra sem er næsti yfirmaður skrifstofustjóra.

Um er að ræða 100% starf til framtíðar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg forysta og verkstjórn á daglegum verkefnum bæjarskrifstofu.
- Ábyrgð og umsjón með daglegri umsýslu fjármála og bókhalds.
- Umsjón með fjárhagsáætlanagerð og virku kostnaðareftirliti.
- Ábyrgð og umsjón með gerð ársreiknings.
- Umsjón með álagningu opinberra gjalda og innheimtu.
- Þátttaka í stefnumótun og nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða.
- Aðstoð við samningagerð og önnur fjármálatengd verkefni.
- Samskipti við forstöðumenn og íbúa vegna erinda er snúa að fjármálum og annari þjónustu bæjarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Haldgöð reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og góð félagsleg færni er skilyrði.
- Mjög góð þekking á reikningshaldi, uppgjörum og áætlanagerð.
- Þekking á málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Kunnátta í DK bókhaldskerfinu er kostur.
- Góð kunnátta í íslensku og ensku og geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogaþæfileikar og drifkraftur í starfi.
- Samvirkusemi og nákvæmni í starfi.

Umsóknum ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi skal skila rafrænt í síðasta lagi fimmtudaginn 29. febrúar 2024 á netfangið hruni@fludir.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir sveitarstjóri, Aldís Hafsteinsdóttir, í síma 480-6600 og í gegnum tölvupóst: hruni@fludir.is



Í Hrunamannahreppi er fjölbreytt og gott mannlíf þar sem tækifærin eru fjölmörg fyrir áhugasama og duglega einstaklinga. Í sveitarfélaginu búa um 925 manns og þar af eru um 500 á Flúðum. Á Flúðum er grunn-, leik- og tónlistarskóli, íþróttahús, bókasafn, sundlaug, líkamsrækt, verslanir og fjölbreytt afþreying.

Samgöngur í allar áttir eru góðar, helstu náttúruperlur landsins eru innan seilingar og svo segja margir að veðrið sé alltaf aðeins betra í Hrunamannahreppi – það er góður kostur!

Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.fludir.is

#fruforseti



LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



Aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2024-2036 skipulags- og matslýsing



Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 8. febrúar 2024 að kynna skipulagslýsingu endurskoðaðs aðalskipulags Hveragerðisbæjar 2024-2036 fyrir almenningi og senda til umsagnar viðeigandi umsagnaraðila sem og til Skipulagsstofnunar.

Markmið endurskoðunar aðalskipulags Hveragerðisbæjar er að tryggja sem besta samfellu í þróun svæða innan bæjarmarka, svo að nýting og uppbygging innviða geti átt sér stað í takt við fjölgun íbúa. Ástæður endurskoðunar eru hraðari fjölgun íbúa en gildandi aðalskipulag gerði ráð fyrir, mótun samgöngustefnu samhliða aðalskipulagsgerð ásamt því að veita Breiðumörk sérstaka athygli með rammaskipulagshluta vegna tilfærslu Suðurlandsvegar.

Aðalskipulag tekur mið af annarri stefnumótun bæjarins sem og Landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Skipulags- og matslýsing aðalskipulags Hveragerðisbæjar 2024-2036 liggur frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 frá og með 14. febrúar 2024 og er aðgengileg á Skipulagsgátt sem og heimasíðu Hveragerðisbæjar.

Þau sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera skriflega athugasemd á Skipulagsgátt, málsnúmer 162/2924, í síðasta lagi þann 20. mars 2024.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/162>

Allar fyrirspurnir skulu berast á netfangið hildur@hveragerdi.is

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Óræð fágún sem skilur eftir sig síkvikar myndir segir lestrarhesturinn Hannes Lárusson

Hannes Lárusson er myndlistarmaður sem hefur unnið með margvíslega miðla og haldið tugi sýninga, bæði heima og erlendis. Hann hefur jafnframt stundað rannsóknir á íslenskum byggingararfi ásamt lykil handverksþáttum um áratuga skeið. Hannes er stofnandi og annar af rekstraraðilum Íslenska bæjarins að Austur Meðalholtum í Flóahreppi þar sem hann ólst upp fyrstu árin.



Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Það vill svo til að þessa dagana er ég einmitt að endurlesa Heimsljós eftir Halldór Laxness, sem ætti að teljast mjög lestrarhestaleg bók. Endurlestur kemur oft en ekki til af tilviljun. Bækur liggja óvart á borði, einhver minnst á bók í samræðu eða kjölur og kápa á bókasafni eða fornbókasölu vekja minningar og glæða endurfundi. Góðar bækur eiga mörg ísmeygileg líf. Heimsljós er enn sprellumfandi; átakalaust flæði, kyngimagnað hugmyndaflug, harmrænar myndhverfingar, oft en ekki í yndislegum upphæðum um leið og þær steyta á skerjum hins miskunnarlausar veruleika, ýkjukennt leikhús sem nær að spegla samfélag manna og alvöru lífsins jafnt í dag og þegar bókin kom fyrst út, og tekst því að veiða lesandann í ómótstæðilegan orðavef. Alvöru skáldskapur og listsköpun er líklega í reynd kraftbirtingarhljómur guðdómsins og heimsljós.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Bækur með aðdráttarafi og framtíð handan við líftíma dagurflugunar hafa til að bera tærleika tungumálsins, fágún og uppbrot á víxl, og sprengikraft hugmyndaflugsins sem skilur eftir eins konar hugrænt bergmál. Bækur sem standa undir þessu eru ekki síst margar móðernískar ljóðabækur þar sem er að finna þennan kvika tærleika í hófstílltum myndum. Enginn verður svikinn af því að fletta í gegnum Lauf og stjörnur (1966) eftir Snorra Hjartarson og Í ljósmálinu (1970) eftir Einar Braga í þessu sambandi. Hin fallega látlaus bók Flateyjarfeyr (1978) eftir Guðberg Bergsson, þar sem fágún og tærleiki dansa við uppbrot og óvænt sjónarhorn, reynist oft snúa sínum mjóla kili fram og kápunni upp. Sama má segja um útvaldar bækur eftir George Orwell, Aldous Huxley, Philip K. Dick og Samuel Beckett þar sem yfirmátturégrir

glöggskyggni og kraftbirtingarhljómi guðdómsins er beitt á innri víddir mannlegs samfélags í víðu myndrænu samhengi og goðsögur samtímans skrifaðar.

Ertu alinn upp við lestur bóka?

Þessar bækur (sem ég nefni) eru reyndar ekki langt frá þeim sögum sem bergmáluðu í baðstofunni í Austur Meðalholtum. Þar þurfti yfirleitt ekki að eyða tíma í að lesa bækur í hljóði því lesið var upphátt á nær hverju kvöldi úr bókum sem hæfðu öllum aldurshópum og voru þar þjóðsögur Jóns Árnasonar og ævintýri H. C. Andersen í fyrirrúmi og dundað sér undir lestrinum. Ef ekki var lesið upphátt voru myndabækur góðir félagar og hægt að hringa sig upp í rúmi með Dísu ljósálf, tilfallandi hefti af Andrés önd eða Sígildum sögum sem voru styttrar og myndskreyttar útgáfur af frægum skáldverkum, og urðu þar m. a. fyrstu kynnin af Hamlet, Illíónskviðu og Moby Dick. Barnabækur hafa aldrei misst aðdráttarafið og sumar í þeim flokki byrjaði ég ekki að lesa fyrir en á fullorðinsárum. Þær eru orðnar all margar ferðirnar á kaffihúsi Norræna hússins í gegnum árin og á bakaleiðinni kíkt við á bókasafninu og þá gjarnan bók um múminálfana eftir Tove Janson tekin með oft í bland við bækur um norræna byggingarlist og hönnun. Góðar barnabækur hafa aldurnum frá 1 árs til 100 ára+. Reyndar mætti líkja sjálfri heimsókninni í Norræna húsið, hvert sinn, við það að blaða í gegnum ljóðabók og lesa fallegt ljóð.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Einn þáttur í bóklestri er það sem kalla má „dellulestur“ eða lestur sem ræðst af ástríðufullum áhuga þar sem bækur eftir tiltekna höfunda eru lesnar ein af annarri eða eitthvað tiltekið svið er tekið fyrir og hrannast þá oft upp bækur og greinar í

mismunandi formum, ýmist á pappír eða tölvuskjá og keppi-keflið er þá að lesa sem hraðast og stundum látið duga að skanna efnið eins og fluguveiðimaður í von um veiði.

Geturðu tengt þessa gerð af lestri við uppáhaldshöfunda eða verk?

Það sem kalla má alvöru bókmenntaverk verða ekki lesin með þessum hætti, heldur meira í ætt við lúslestur, því þar skiptir hver setning máli og oft verður ekki hönd á festandi flæðandi hugmyndaauði og óræðri fágún sem skilur eftir sig síkvikar myndir og opið leiksvið. Ef áhugasviðið er byggingarlist, menningararfur, hlutskipti manna og fegurð himinsins stígur Sesar torfristumaður á sviðið í Brimhendu (1954) Gunnars Gunnarssonar sem er furðulegt sambland af prósaljóði, vísindaskáldskap og trúarriti. Heimsljóssómur berst úr Hælavík í barndómi (1994) Jakobínu Sigurðardóttur, fallegt ljóð um lífið í torfbæ á bernskuárum höfundar, traust heimild en um leið eins konar súrrealismi því sá veruleiki sem dregin er upp lýsir leiksviði sem er nær með öllu horfið úr hugum fólks nema sem ímyndabrot í örökrænu samhengi. Á heimleiðinni verður svo að banka upp á hjá Henry David Thoreau þar sem hann stendur við sitt græna skrifpúlt í Walden (1854) og glímur við ráðgátuna um hvernig sambandi manna og annara lífvera sín á milli og við umhverfi sitt er háttáð. Hvað er að vera maður á jörðinni? -spyr Thoreau og lítur upp frá púltinu og leggur frá sér pennann.

Ætli það sé ekki einmitt spurningin sem flestir eru að reyna að svara og einmitt sú sem á það til að halda vöku fyrir fólki, og er þá stundum betra að bera niður í öðrum tungumálum en sínu eigin, kannski losna þá við krotið á hugartöflunni og bergmálið úr undirvitundinni og gera afrit af núnu: Confined, yet flying on a magic carpet, rubbing the golden kettle, time evaporating; - just now. . .

Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com

Tveir doktorsnemar frá HÍ hljóta verðlaun úr Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands

Fimmtudaginn 15. febrúar sl. var hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs haldinn í 22. sinn. Þetta var í fyrsta skipti sem fundurinn er á vegum Háskólafélags Suðurlands því á síðasta ári var ákveðið að félagið tæki yfir úthlutun á verðlaunum sjóðsins, sem hefur starfað óslitið frá árinu 2002. Fram að þeim tíma hafði Háskólafélagið verið í farsælu samstarfi við Fræðslunet Suðurlands um veitingu þessara verðlauna.

Að þessu sinni bárust sjö umsóknir til Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands sem fyrirtæki og stofnanir á Suðurlandi styrkja. Aðstandendur sjóðsins eru þakklát og stolt af því baklandi sem sjóðurinn á hjá fyrirtækjum, félögum og stofnunum á Suðurlandi fyrir þann myndarlega stuðning við námsmenn sunnlenskra verkefna sem þeirra stuðningur er. Verkefni umsækjenda eru námsverkefni á háskólastigi og tengjast Suðurlandi með ótvíræðum hætti auk ýmissa annarra skilyrða. Í stjórn og þar með dómnefnd sátu, Sveinn Aðalsteinsson formaður, Sigurður Sigursveinsson, fyrrum framkvæmdastjóri Háskólafélagsins og Lilja Jóhannesdóttir, forstöðukona Náttúrustofu Suðausturlands. Ingunn Jónsdóttir, núverandi framkvæmdastjóri Háskólafélagsins er hins vegar í hlutverki ritara stjórnar.

Til að koma til álita sem verðlaunaverkefni þarf skýr tenging að vera við Suðurland og því fjölbreytta atvinnulífi og náttúru sem þar er að finna. Spurningin hvort verkefnið muni nýtast til frekari rannsókna og/eða til frekari atvinnusköpunar á Suðurlandi og hvort verkefnið/umsóknin segi áhugaverða sögu sem hefur skírskotun til fræðasamfélagsins, almennings og fyrirtækja á Suðurlandi.

Stjórnin ákvað að þessu sinni að verðlaunum skyldi skipt milli tveggja verkefna, sem tengjast Suðurlandi vel. Bæði verkefni eru jafnvel að verðlaunum komin og titillinn og heiðurinn skiptist jafnt. Styrkþegar sjóðsins fyrir árið 2023 eru þar Guðbjörg Ósk Jónsdóttir og Méline Payet—Clerc, báðar doktorsnemar við Háskóla Íslands.

Verkefni Guðbjargar Óskar fjallar um fjölbreytileika bleikj-ustofna. Í ljósi breytinga á búsvæðum margra lífvera vegna loftlagsbreytinga og röskunar af mannavöldum, er mikilvægt að rannsaka fjölbreytileika stofna og hvernig þeir aðlagast ólíkum búsvæðum. Mótanleiki segir til um hvort og hvernig lífverur geta þrífst við breytingum á umhverfi. Mótanleiki svipfars, eru breytingar á eiginleikum vegna áhrifa umhverfis t.d. í þroskun einstaklings. Lang algengast er að mótanleiki svipfars sé rannsakaður á rannsóknarstofum því fá tækifæri til slíks gefast í náttúrunni. Í verkefninu verður bleikjan notuð til þess að skoða hvernig mismunandi stofnar hennar hafa aðlagast sig að umhverfinu sínu og hversu mótanlegar þær eru. Verkefnið snýst m.a. fjölbreytileika bleikj-ustofna á Suðurlandi og þau sérstöku tengsl sem eru milli bleikjanna í Þingvallavatni og Úlfjótssvatni, en þau bjóða upp á einstakt tækifæri til að rannsaka mótanleika svipfars í náttúrunni. Dómnefnd mat verkefnið sem mjög áhugavert út frá fræðilegum forsendum en varpar auk þess ljósi á áhrif framkvæmda og loftlagsbreytinga á gjöfulega en viðkvæma náttúru Suðurlands og hefur því mikið hag-nytt gildi.

Verkefni Méline Payet—Clerc fjallar um basíska sprengigosið í Veiðivötnum 1477, sem var sprungugos í Veiðivatna-Bárðarbungu eldstöðvakerfinu. Það

er stærsta og öflugasta sprengigossinnar tegundar á Íslandi á sögulegum tíma. Afleiðingar eldgossins voru þær að um helmingur Íslands var þakinn gjósku. Þykkt gjóskunnar á landi eftir þykktarás var minnst 2 cm. Gjóska frá þessu eldgosi finnst einnig á Írlandi og í Svíþjóð, en það bendir til þess að öskuríkur gosmökkurinn hafi náð vel yfir 30 km hæð í loftþjúp jarðar. Markmið verkefnisins eru annars vegar að skilja sundrunarferli kvikunnar sem leiddi til og héldu við sprengikrafti gossins og hins vegar að hanna nýtt reiknilíkan fyrir gosmekki í basískum sprungugosum á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar munu leiða til betri skilnings á öflugum og stórum basískum sprengigosum suðurhálendisins og bæta mat á þeim hættum er stafa af slíkum atburðum. Að mati dómnefndar hefur verkefnið bæði fræðilega og hagnýta skírskotun á tímum mikillar eldfjallavirkni hérlandis og ætti að bæta við mikilvægum verkfærum í spákistu okkar framúrskarandi jarðvísindafólks.

Það skal tekið fram að Méline var stódd erlendis og mun því veita viðurkenningunni viðtöku síðar.

Stjórn Vísinda- og rannsóknarsjóðs og Háskólafélags Suðurlands óska nýjum styrkþegum innilega til hamingju og góðu gengi í sinni vinnu.

Háskólafélag Suðurlands



Sveinn Aðalsteinsson formaður Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Guðbjörg Ósk Jónsdóttir við verðlaunaafhendinguna.

Kvenfélag Dyrhólahrepps styrkir starf Björgunarsveitarinnar Víkverja

Kvenfélag Dyrhólahrepps í Mýrdal stendur árlega fyrir myndarlegum kökubasar og leggur ágóðann til einhvers góðs málefns. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja Björgunarsveitina Víkverja en hún gegnir veigamiklu hlutverki í að tryggja öryggi íbúa og þeirra sem leggja leið sína um sveitarfélagið í vondum veðrum og náttúruvá. Kvenfélag Dyrhóla-

hrepps er öflugt félag og er á sínu 95. starfsári. Félagið tekur að sér minni og stærri samfélagsverkefni auk þess að efla liðsanda og samstöðu kvenna.

Mynd: Frá vinstri Berglind Másdóttir ritari, Orri Örvarsson formaður Víkverja og Þuríður Lilja Valtýsdóttir gjaldkeri



Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Öldugarður - nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að heimilt veðri að byggja allt að 200 m² íbúðarhús að Öldugarði L164463. Einnig verður heimilt að byggja 100 m² bílskúr og tvö gestahús sem verða 60-80 m². Hámarks mænishæð verður frá 5 til 7 m.

Ey - breytt deiliskipulag

Breytingin gerir ráð fyrir nýjum 2 ha. byggingarreit með aðkomu frá Ey 3. Á lóðinni verður heimilt að byggja 300 m² íbúðarhús og bílskúr. Einnig verður heimilt að byggja tvö 50 m² gestahús og 200 m² skemmu á lóðinni. Hámarks mænishæð verður 6 m.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 21. febrúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 3. apríl 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, Hvolsvelli

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er til kynningar skipulagslýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Fákafliot og Skeggjastaðir, land 14 - breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á Skeggjastöðum, land 14 L195656 og Fákafliot, L209731. Um 31 ha. landbúnaðarlandi (L1) verður breytt í íbúðarbyggð (ÍB).

Ofangreinda skipulagslýsing verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 4. mars n.k. kl. 10:00 til 12:00. Einnig verður lýsingin aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 13. mars 2024.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir

Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra

40 keppendur á boccia-móti HSK

Héraðsmót í boccia fatlaðra var haldið í íþróttahúsi Vallaskóla á Selfossi þann 17. febrúar sl.

Keppendur voru 40 talsins og var fyrirkomulagið tvenndarkeppni. Keppendur komu frá Íþróttafélögnum Gný og Suðra og ríkti mikil leikgæði á mótinu ásamt hörkukeppni á milli liða. Í hádeginu var tekið hlé og þátttakendur gæddu sér á pizzum og drykkjum í boði Dominos og MS.

Í 1. sæti voru Sveinn Gíslason og Valdís Hrönn Jónsdóttir, Verðlaunahafarnir ásamt yfirþjálfurum Gnýs og Suðra, Valgeiri F. Backman og Ófeigi Á. Leifssyni

í 2. sæti voru Kristján Jón Gíslason og Thelma Þöll Þorbjörnsdóttir og í 3. sæti voru John William Boyd og Sigríður K. Boyd.

HSK

Davíð er Suðurlandsmeistari þriðja árið í röð

Suðurlandsmótið í skák var shaldið í Fischersetrinu á Selfossi síðastliðinn laugardag, 3. febrúar.

Mættu 22 skákmenn til leiks og voru tefldar 8 umferðir.

Róbert Lagerman bar sigur úr býtum og vann alla sína andstæðinga. Davíð Kjartansson endaði í öðru sæti með 7 vinninga og var jafnframt krýndur Suðurlandsmeistari þriðja árið í röð þar sem hann varð efstur heimamanna. Erlingur Jensson varð þriðji.

Efstur skákmanna undir 18 ára var Gabriel Landmark frá Írlandi.

Ari Björn Össurarson annaðist framkvæmd mótsins og sigurvegarinn Róbert Lagerman var skákdómari.

Bikarmót – úrtökumót fyrir Norðurlandamót unglinga

Laugardaginn 24. febrúar fram næstkomandi fer fram Bikarmót eldri flokka í hóp fimleikum. Mótið verður haldið í Egilshöllinni og kemur fimleikadeild Selfoss til með að senda 4 lið til keppni á mótinu. Harðasta keppnin verður í 1. flokki, þar sem stúlkalið Selfoss mun keppa um þátttökurétt á Norðurlandamóti unglinga sem fer fram í Svíþjóð í apríl. Keppnin í ár er mjög jöfn en það eru 4 stúlkalið frá fjórum fimleikafélögum að keppast um keppnisrétt á Norðurlandamótinu, en aðeins tvö

lið verða valin til að keppa fyrir Íslands hönd. Stúlkurnar okkar hafa lagt mikla vinnu í æfingar og undirbúning síðustu mánuði og nú er komið að því að uppskera. Við stefnum að því að mæta sem allra flest í stúkuna og sýna stelpunum stuðning í þessu stóra verkefni og við hvetjum alla til að fjölmenna. Mótið hefst kl 15:20 og fer sem fyrr segir fram í Egilshöllinni í Grafarvogi. Málum stúkuna vínrauða og hvetjum stúlkurnar okkar – ÁFRAM SELFLOSS!

Fimleikadeild Umf. Selfoss



Andrea Aradóttir
15 ára
„Trúðu að þú getir það og þú ert hálfnuð“



Birta Rós Einarsdóttir
13 ára
„Ég hef vald yfir því hvaða viðhorf ég vel mér“



Bóel Birna Kristdórsdóttir
16 ára
„Aldrei gefast upp“ og „Gerðu þitt besta til að láta draumana þína rætast“



Dagný Katla Karlsdóttir
16 ára
„Ef þú feilar gerðu það fullkomlega“



Elínborg Ben Gunnarsdóttir
16 ára
„Yolo“



Elsa Karen Sigmundsdóttir
15 ára
„NO ELSA, NO PARTY“ og „Árangur er ekki tilviljun“



Elva Lillian Sverrisdóttir
14 ára
„Ég segi ekki frá draumunum mínum, ég framkvæmi þá“ og „Þú getur allt sem þú vilt, hafðu bara trú á þér“



Katrín Drífa Magnúsdóttir
15 ára
„Ekki treysta óttanum þínum. Hann þekkir ekki styrkinn þinn“



Kristín María Kristjánsdóttir
14 ára
„Alltaf gera þitt allra besta og svo aðeins meira“



Magdalena Ósk Einarsdóttir
15 ára
„Þetta reddast“



Ragnhildur Elva Hauksdóttir
15 ára
„Don't wish for it, work for it“



Victoria Ann Vokes
15 ára
„Work hard, play hard, dream big and never give up“



Þórunn Ólafsdóttir
16 ára
„Það gerir þetta enginn fyrir mig“

Þorvaldur Gauti og Hjálmar Vilhelm með brons

Meistaramót Íslands, aðalhluti, fór fram í Reykjavík dagana 17.og 18.febrúar sl. Nokkrir keppendur Frjáls-íþróttadeildar Selfoss kepptu og stóðu sig með mikilli þrýði.

Þorvaldur Gauti Hafsteins-son, 17 ára, stóð sig frábærlega þegar hann vann til bronsverð-launa í 800m hlaupi á tímanum 1:58,54 mín og fór í fyrsta sinn undir hinn langþráða 2 mínútna múr. Þessi árangur Þorvaldar Gauta er HSK met í flokkum 16-17 ára og 18-19 ára en hann átti sjálfur fyrri metin. Lág-mark á Evrópumeistaramót U18 í sumar er 1:56,00 og því vel raunhæfur möguleiki að hann nái inn á Evrópumeistaramótið.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, 16 ára, stóð sig frábærlega þegar hann var hársbreidd frá því að vinna Íslandsmeistaratilinn í

hástökki er hann felldi naumlega 1,87m. Allir þrír efstu stukkukku yfir 1.82m og réði fjöldi tilrauna á hæðirnar úrslitum. Hjálmar Vilhelm endaði því í 3.sæti og vann til bronsverðlauna. Hann bætti einnig sinn besta árangur í 200m hlaupi er hann hljóp á 24,20 sek.

Ísold Assa Guðmundsdóttir, 17 ára, bætti sig í hástökki er hún vippaði sér yfir 1,65m og endaði í 4.sæti með sömu hæð og stúlkan í 3.sæti. Hún vippaði sér síðan yfir 2,42m í stangarstökki og endaði í 5.sæti.

Þær Hanna Dóra Höskuld-
dóttir og Erlín Katla Hansdóttir komust upp úr undankeppninni í langstökki í úrslitin og höfnuðu þar í 11. og 12.sæti. Hanna Dóra stökk 4,80m og Erlín Katla 4,67m.

Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss



Þorvaldur Gauti.. Mynd: Aðsend.



Hjálmar á palli. Mynd: Aðsend.



Freyja og Laufey með verðlaunin. Ljósmynd: Aðsend.

Systurnar sigruðu í Flyglinum

Þann 7. febrúar ár hvert halda tónlistarskólar landsins upp á Dag tónlistarskólans.

Í Tónskóla Mýrdalshrepps voru hátíðlegir tónleikar í ár og var flutningur í höndum nemenda og kennara skólans.

Eftir tónleikana fór fram afhending verðlauna í tónlistarkeppninni Flygill, en sú keppni var í fyrsta skipti haldin í ár, að frumkvæði Alexöndru Chernyshovu, Tónskólastjóra, fyrir nemendur Tónskólans sem eru orðnir sjöttu talsins. Þeir nemendur sem tóku þátt í voru á aldrinum 8 til 12 ára, tuttugu og sjö talsins. Keppt var í þremur flokkum sem allir fjölluðu um flygil: Teiknimynd, ævintýrasaga og frumsamið lag.

Það voru systurnar Laufey og Freyja sem sópuðu að sér öllum verðlaunum keppinnar, enda efnilegar og duglegar ungar tónlistarkonur. Laufey fékk tvenn verðlaun fyrir besta lag og bestu teiknimynd og Freyja fékk verðlaun fyrir bestu söguna. Þá fengu allir þátttakendur viðurkenningar og glaðning.

Heiðursdómari keppinnar var Anna Björnsdóttir, tónlistarkona. Í haust á síðasta ári,

að frumkvæði Önnu, eignaðist Tónskólinn í Vík Yamaha Flygil, sem stendur í sal tónskólans sem er mikið elsaður og í mikilli notkun.

Nýstofnaður barnakór, Syngjandi aldan, frumflutti nýtt lag um flygil, Hjarta tónskólans og hægt er að hlusta á lagið rás Tónskólans á Youtube.

Merkilegt nokk en texti/ljóð lagsins er að hluta til eftir Kolbrúnu Hjörleifsdóttur, ömmu vinningshafanna, Laufeyjar og Freyju.



Ljósmynd: Aðsend.

KÓTILETTU KARLAKVÖLD

8. MARS Í TRYGGVASKÁLA

Í tilefni af Mottumars efnir Krabbameinsfélag Árnessýslu til karlakovlds í Tryggvaskála þar sem karlmenn koma saman og borða góðan mat, spjalla og skemmta sér.

Miðaverð að lágmarki 6.000 krónur en öllum frjálst að greiða hærri upphæð sem rennur óskipt til styrktar félaginu.

Húsið opnar kl. 19:00 og dagskrá hefst kl. 19:30.
Skemmtun lýkur kl. 23:30.

- Andri Ívarsson uppistandari
- Kótiletuhlaðborð að hætti meistarakokka Tryggvaskála.
- Trúbadorinn Alexander Mikli
- Gabríel Werner veislustjóri
- Veglegt happadrætti og ýmiskonar glens.

Takmarkað sætaframboð!
Bókanir berast fyrir 5. mars í síma 788 0300 (Erla) / 663 2497 eða á netfangið arnessysla@krabb.is.



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Laugardaginn 24. febrúar
kl. 11-12 að Eyravegi 15,
gestur verður Ari Guðmunds-
son hjá Verkís og ræðir m.a.
um varnargarða. Minnum
einnig á spilakvöld
á sama stað mánudaga
kl. 19:30.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA
FEBSEL

Lokuð fimmtudaginn
22. febrúar

AÐALFUNDUR FEBSEL

Fim. 22. febrúar kl. 14:00.
Kaffiveitingar í boði félagsins.

OPIÐ HÚS

Fim. 29. febrúar kl. 14:45.
Ný brú yfir Ölfusá.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU



Kerra til sölu

Létt og meðfærlig kerra til sölu.
Ónotuð. Burðargeta 505 kg.
Heildarþyngd 750 kg. Ekki
skráningskylda. Lengd 265 cm
og breidd 132 cm. Uppl. í síma
6114923.

KIRKJA

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 25. febrúar
kl. 11:00. Kirkjukórinn syngur,
organisti Edit A. Molnár, prestur
Guðbjörg Arnardóttir. Kaffisopi
eftir messu. Sunnudagaskóli á
sama tíma kl. 11:00, umsjón
Sjöfn, Dóra og Katrín.
Morgunbænir þriðju-, mið-
viku- og fimmtudaga kl. 9:15.

Hveragerðiskirkja

Fjölskylduguðspjónusta kl. 11.
Barnakór Hveragerðiskirkju
syngur undir stjórn Unnar Birnu
Björnsdóttur. Saga, söngur og
ferðalag um kirkjuna!

Kotstrandarkirkja

Guðspjónusta kl. 14. Kirkjukór
Hveragerðis- og Kotstrandar-
sóknar syngur, organisti Miklós
Dalmay. Sr. Ninna Sif Svavars-
dóttir þjónar.

Hrunakirkja

Messa unga fólksins sunnudag-
inn 25. febrúar kl. 13. Nemendur
úr 10. bekk Flúðaskóla, ásamt
nokkrum eldri nemendum, bera
uppi messuna í tali og tónum.
Ræður, söngur, klukknaðringur,
bænir og spurningaleikur. Kaffi
og djús á eftir í safnaðarheimili
en þar verður jafnframt köku-
basar og mun allur ágóði renna í
ferðasjóð 10. bekkjar. Verið öll
hjartanlega velkomin!

Ólafsvallakirkja

Hversdagsmessa mánudags-
kvöldið 26. febrúar kl. 20. Kirkju-
kórinn syngur hugljúfa sálma
undir stjórn Þorbjargar Jóhanns-
dóttur organista. Verið öll hjart-
anlega velkomin!

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11. Prestspjónusta sr.
Axel Á Njarðvík. Organisti Jón
Bjarnason. Verið hjartanlega vel-
komin.

Mosfellskirkja

Miðvikudaginn 28. febrúar kl. 20
verður föstumessa. Píslarsaga
guðspjallanna lesin og prestur
flytur hugleiðingu. Prestspjón-
usta sr. Axel Á Njarðvík. Organisti
Jón Bjarnason. Verið hjartanlega
velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40B
Sunnudagar: Samkoma, sunnu-
dagaskóli og kaffiveitingar kl.
11:00. English translation avail-
able. Mánudagar: Bæn og
lestur kl 17. Miðvikudagar: Ung-
lingasamkomur fyrir 13 ára og
eldri kl. 20. Fimmtudagar: HeiVá
MINI 10-12 ára kl. 14-15. www.
selfossgospel.is.

Aðventistar

Safnaðarheimili Aðventista,
Eyrarvegi 67, Selfossi. Laugar-
daginn 24. febrúar. Biblíurann-
sókn kl. 11.00 og guðspjónusta
kl. 12.00. Eric Guðmundsson
kennir og prédikar. Undirleikari
Sonja Danielsen. Léttur máls-
verður á eftir guðspjónustunni.
Söfnuður aðventista í Ánessýslu.

Þorláksskirkja

Guðspjónusta kl. 20:00 - Léttara
form. Kór Þorlákss- og Hjallakirkju
leiðir almennan safnaðarsöng
við undirleik Elísu Elíasdóttur,
organista. Sr. Dagur Fannar
Magnússon, héraðsprestur
þjónar. Verum öll velkomin.

Öskudagurinn 2024

Það var mikið um dýrðir þann
14. febrúar síðastliðinn,
þegar fjöldi skemmtilegra fí-
gúra heimsótti okkur hjá Dag-
skránni/Prentmet Odda á Sel-
fossi í tilefni öskudagsins. Þeim
sem vildu, bauðst að láta taka
myndir af sér við stærðarinnar

forsíðu Dagskrárinnar og fylgja
þær hér eftir. Viljum við þakka
öllum þessum góðu gestum kær-
lega fyrir komuna og bjóðum
þau hjartanlega velkomin aftur
að ári! Fleiri myndir frá ösku-
deginum má sjá á dfs.is



Circula freistar gæfunnar á fjárfestahátíð Norðanáttar

Átta fyrirtæki hafa verið valin til þátttöku á fjárfestahátíð Norðanáttar sem fer fram á Siglufirði þann 20. mars næstkomandi.

Eitt þeirra átta verkefna sem voru að þessu sinni valin til þátttöku á fjárfestahátíðinni Norðanátt, er sunnlenska nýsköpunarverkefnið Circula/Recoma, rekið af Circula ehf.

Circula ehf. er á lokastigum undirbúnings fyrir stofnun RECOMA Ísland ehf. Markmiðið er að reisa verksmiðju sem sérhæfir sig í framleiðslu á Pack-Wall byggingaplötum. Þessar nýjungarplötur eru búnar til úr endurunnum Tetra Pak umbúðum og notast verður við einkaleyfisverndaða framleiðslutækni. Með þessu frumkvæði mun Circula gefa umbúðunum nýjan tilgang og breyta í hágæða, umhverfisvænar byggingaplötur. Hráefnið fyrir framleiðsluna verður fengið frá helstu söfnunaraðilum landsins. Plöturnar munu bera 80-90% lægra kolefnisspor en sambærilegar byggingarplötur auk þess að stuðla að öðrum jákvæðum umhverfisáhrifum í samræmi við grunnstoðir hringrásarhagkerfisins. Sjá nánari upplýsingar um verkefnið hér. Verkefnið hefur á fyrri stigum hlotið stuðn-



ing frá SASS í gegnum atvinnurpróunar og nýsköpunarflokk Uppbyggingarsjóðs Suðurlands. Fjárfestahátíð Norðanáttar var haldin fyrst árið 2022 við góðar undirtektir fjárfesta og annarra lykilaðila í vistkerfi nýsköpunar víðsvegar af landinu. Fyrsta árið voru einungis verkefni af Norðurlandi sem tóku þátt, en vegna hversu vel tókst til ákváðu aðstandendur hátíðarinnar að opna viðburðinn fyrir fyrirtæki og frumkvöðla af öllu landinu. Í ár verður engin breyting þar á.

Hátíðin er vettvangur fyrir frumkvöðla og fyrirtæki sem leita eftir fjármagni og eru tilbúnir að fá fjárfesta að borðinu. Þá er markmið hátíðarinnar einnig að draga fram tækifæri til uppbyggingar á atvinnuvegum og efla nýsköpun í kringum auðlindir landsbygðanna, en þarna gefst gott tækifæri til þess að mynda tengingar og eiga fyrsta skrefið í

átt að framtíðarsamvinnu.

Áhersla hátíðarinnar í ár eru orkuskipti, hringrásarhagkerfið, fullnýting auðlinda og aðrar grænar lausnir en fyrirtækin sem munu kynna verkefni sín í ár á hátíðinni snerta öll á þessum áherlsum með einum eða öðrum hætti.

Umsóknarfrestur var til og með 31. janúar sl. og bárust umsóknir úr öllum landshlutum. Sérstök valnefnd mat umsóknir meðal annars út frá því hversu vel verkefni falla að áherlsum hátíðarinnar og fjárfestatækifæri verkefnisins.

Að fjárfestahátíðinni Norðanátt standa EIMUR og landshlutasamtökin á Norðurlandi SSNE og SSNV með stuðningi frá Umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu. Bakhjarlar Fjárfestahátíðarinnar 2024 eru Tækniþróunarsjóður, KPMG, Nýsköpunarsjóður og KEA.

Spá tæplega 50% íbúaaaukningu í Árborg á næstu 10 árum

Sveitarfélagið Árborg hefur staðfest endurskoðun á hús-næðisáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2024, en samkvæmt henni ætlar sveitarfélagið að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu 2.350 íbúða á næstu 5 árum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, HMS.

Húsnæðisáætlunin byggir á mannfjöldaspá sem áætlar

að mannfjöldi í Árborg komi til með að aukast um 46,6% á næstu 10 árum, eða u.þ.b. 3,9% á ári. Frá árinu 2021 hefur íbúum í sveitarfélaginu fjölgað um 4,1%.

„Markmið sveitarfélagsins í lóðamálum er að fjölbreytt lóðaúrval sé til staðar sem annar eftirspurn. Að íbúðarbyggð sé í góðum tengslum við atvinnu, þjónustu, útivistarsvæði og nátt-

úru. Leitast skal við að þetta byggð og byggja upp á auðum lóðum,“ segir í tilkynningunni.

Lóðir fyrir 3.290 íbúðir hafa verið skipulagðar af sveitarfélaginu og á næstu árum er stefnt á að skapa skilyrði til að úthluta byggingarhæfum lóðum fyrir allt að 2.289 íbúðir til viðbótar við þær lóðir sem hafa nú þegar samþykkt deiliskipulag.



Ljósmynd: HMS



Yndislega eiginkona mín, dóttir mín, mamma okkar, tengdamamma og amma



Kolbrún Líndal Hauksdóttir

Jórutúni 8 Selfossi
áður búsett á Blönduósi og Sauðárkróki

lést aðfaranótt föstudagsins 16. febrúar sl. á HSU á Selfossi eftir erfið veikindi. Útför hennar verður auglýst síðar. Blóm og krans vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að láta Krabbameinsfélag Austur-Húnavatnssýslu eða Krabbameinsfélag Skagafjarðar njóta þess.

Brynjólfur Dan
Lára Bogey Finnbogadóttir
Ragnheiður Lára Brynjólfssdóttir Pröstur Heiðar Erlingsson
Emil Dan Brynjólfsson Heiðrún Ósk Jakobínudóttir
Brynjólfur Birkir, Kolbrún Birna Jökulrós,
Þórkatla Björt Sumarrós, Hallgerður Harpa Vetrarrós,
Ísleifur Eldur, Völundur Galdur,
Árni Ragnar Dan og Inga Bryndís Dan

Frítt inn á tónleika í Stokkseyrarkirkju á morgun

Föstudaginn 23. febrúar kl. 20:00 koma Sólveig Thoroddsen hörpuleikari og söngkona og Sergio Coto Blanco lútuleikari fram í Stokkseyrarkirkju og leika tónlist sem hljómar sjaldan hérlandis. Á efnisskránni er ensk tónlist frá tímum Shakespeares og Elísabetar I. Englandsdrottningar

leikin á hljóðfæri frá þeim tíma. Glaðlegir dansar hljóma í bland við tregafulla tóna, jafnt sönglög sem hljóðfæratónlist. Eftir tónleikana verður diskur með verkum úr efnisskránni til sölu á 3.000 kr. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Menntaverðlaun Suðurlands 2023

Menntaverðlaun Suðurlands voru afhent í sextánda sinn fimmtudaginn 15. febrúar sl. á árlegum hátíðarfundum Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands. Athöfnin fór fram í sal Fjölbrotaskóla Suðurlands.

Áð þessu sinni var það Víkurskóli og Katla jarðvangur sem hlutu verðlaunin fyrir samstarfsverkefni í strandlínurannsóknunum í Víkurfjöru.

Samstarfsverkefni Víkurskóla og Kötlu jarðvangs hófst árið 2021 um er að ræða strandlínurannsókn í Víkurfjöru. Verkefnið hefur verið samstarfsverkefni Jóhannesar Marteins Jóhannessonar jarðfræðings hjá Kötlu jarðvangi og nemenda Víkurskóla. Framkvæmdar hafa verið mælingar á nokkrum sniðum Víkurfjöru og Jóhannes hefur komið með fræðslu til nemenda þar sem niðurstöður mælinganna hafa verið útskýrðar. Verkefnið eflir þekkingu nemenda á nærumhverfi sínu



Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson, Elín Einarsdóttir skólastjóri Víkurskóla og Jóhannes Marteinn Jóhannesson jarðfræðingur hjá Kötlu jarðvangi. Ljósmynd: Aðsend.

og vísindalegri rannsóknaraðferð. Nemendur fá fræðslu um þá þætti sem hafa áhrif á færslu strandlínunnar s.s. veður, hafstrauma og vindáttir. Fræðslan á nærumhverfi Víkur er enn fremur mjög þýðingarmikil í ljósi lýðfræðilegra breytinga

sem hafa orðið á samfélaginu í Mýrdalshreppi síðustu árin.

Var það Brynhildur Jónsdóttir stjórnarkona SASS sem tilkynnti niðurstöður úthlutunarnefndar. Forseti Íslands, herra Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin.

Nettó opnar nýja verslun á Selfossi

Samkaup hefur skrifað undir samning við Eik fasteignafélag um 1000 fermetra verslunarrými í miðbæ Selfoss, sem áður hýsti verslun Húsa-smiðjunnar, og verða verslanir Nettó því tvær í sitthvorum enda bæjarins.

Áætlað er að Nettó við Eyraveg opni á komandi sumarmánuðum og munu viðskiptavinir þar hafa aðgengi að sama framúrskarandi vöruúrvali og í öðrum verslunum Nettó. Gott aðgengi er við verslunina fyrir bæði akandi, gangandi vegfar- endur eða aðra samgöngumáta en Strætó stoppar í göngufjarlægð frá versluninni.

Búðin verður fimmta græna verslun Nettó sem þýðir að allt kapp verði lagt á að lágmarka kolefnisspor verslunarinnar.

Öll tæki verða keyrð á umhverfisvænum orkumiðli, LED lýsing verður í versluninni, allt sorp flokkað og allir fyrstar og megnið af kælum lokaðir.

„Mikil og hröð uppbygging hefur átt sér stað á Selfossi síðustu ár og við höfum lengi horft til þess að auka við þjónustu íbúa á Selfossi með annarri Nettó verslun. Staðsetning verslunarinnar við Eyraveg hentar vel þar sem bærin hefur mikið stækkað í þá átt og hún verður einnig nær íbúum Stokkseyrar og Eyrarbakka. Það er því ljóst að þjónusta og fjölbreytni í verslun við íbúa svæðisins aukast til muna

þegar við opnum nær sumri,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannaúðssviðs Samkaupa.

Nettó er í eigu Samkaupa og eru verslanir samstaðunnar orðnar rúmlega 60 talsins undir merkjum Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar og Iceland. Nettó rekur núna 20 verslanir um allt land og þjónusta viðskiptavini sömuleiðis í gegnum netverslun sem býður upp á heimkeyrslu á Akureyri, höfuðborgarsvæðinu, Selfossi og í Reykjanesbæ.



BRAM AF VINÁTTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþögnir - Almennar raflagnir

prentmet

Sími 482 1944

selfoss@prentmetoddi.is

Eyravegi 25, Selfossi
Freyja og Laufey með verðlaunin. Ljósmynd: Aðsend.

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-Þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Heint um allt Suðurland

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002

800lagnir@800lagnir.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Síðvarpskerfi fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Sími 694 4922

Vilmundur Sigurðsson Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala

Rennismíði

Innréttingar

Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600

www.heyrn.is

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll

HSH

Þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta

Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is